veita tjeðri sýslunefnd 1500 kr. lán úr viðlagasjóði til að byggja alþýðuskólahús á Hlje- 81
skógum í Grýtubakkahreppi þannig að lán þetta endurborgist og ávaxtist af sýslusjóði 29. ágúst.
Suður-Þingeyjarsýslu á 28 árum með 6% árlega af hinni upprunalegu upphæð þess.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um linun** 82
í eptirgjaldi eptir nokkrar þjóðjarðir. — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í 2. sept.
þóknanlegu brjefi 21. maí þ. á. og meðmælum umboðsmannsins í Arnarstapa og Skóga-
strandarumboði, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til:

1, að leiguliðanum á þjóðjörðunni Hrútsholti í Eyjahreppi, Þórði Sveinbjörnssyni verði gefnar eptir 2 ára leigur eptir 3 kúgildi, sem hann er að reyna að koma upp eptir fellirinn 1882, og enn fremur sakir skemmda þeirra, er ábýlisjörð hans varð fyrir á árunum 1881—83 hálf landsskuld jarðarinnar í 2 ár, þannig að hvortveggja eptirgjöfin verði reiknuð fyrir fardagaárin 1884—85 og 1885—86.

2, að leiguliðanum á Gerðubergi í sama hreppi Lárusi Gíslasyni verði um 3 ára tíma í fyrsta skipti fyrir fardagaárið 1884—85 veitt eptirgjöf á hálfri landsskuld tjeðrar jarðar, ef hann endurbætir tún og engjar jarðarinnar, svo sem nauðsyn er á, fyrir skemmdum þeim, er þau hafa orðið fyrir á undanfarandi árum.

Aptur á móti finn jeg eigi næga ástæðu til að taka til greina þau önnur bónarbrjef, um eptirgjöf eða þóknun, frá þjóðjarðalandsetum í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði, er fylgdu ofannefndu brjefi yðar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um linun** 83
í landskuld af þjóðjörð. — Í tilefni af bónarbrjefi því, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, 4. sept.
herra amtmaður, 19. febr. þ. á. og tillögum yðar í brjefi þessu, vil jeg veita samþykki
mitt til þess, að ábúandanum á þjóðjörðinni Rifkelsstöðum Hallgrími hreppstjóra Hall-
gímssyni verði sakir skemmda, er tjeð ábýlisjörð hans hefur orðið fyrir af vatnságangi,
veitt um þriggja ára tíma, í fyrsta skipti fardagaárið 1884—85, 25 álna eptirgjöf á ári
í landsskuld jarðarinnar.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um sam-** 84
eining tveggja þjóðjarða. — Með þóknanlegu brjefi, 28. jan. þ. á. hafið þjer, herra 10. sept.
amtmaður, sent hingað erindi umboðsmannsins yfir Möðruvallaklaustursumboði, þarsem
hann stingur uppá því, að jarðirnar Efri- og Neðri-Sandvík í Grímsey verði lagðar sam-
an til fulls og alls og gjörðar að einni jörð, og hafið þjer mælt með þessari tillögu um-
boðsmannsins.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að sakir grundvallarreglu þeirrar, sem virðist liggja í 1. gr. laga 12. jan. f. á. um bygging, ábúð og úttekt jarða, treystist jeg eigi til að leyfa sameiningu þá, sem farið er fram á, en af þessu leiðir, að ábúandi Neðri-Sandvíkur, sem virðist hafa fengið byggingu fyrir báðum jörðunum, verður að við-